

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakar- 89
efnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra 29. des.
mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur.

13. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þó eigi beitt, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

Lög um löggilta endurskoðendur, nr. 9 frá 15. júní 1926, eru úr gildi numin.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

90

29. des.

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 hljóði svo: Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá kjörstjórum þeim, sem ákveðnir eru í lögum um kosningar til Alþingis, þegar er yfirkjörstjórnin hefur auglýst framboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.